

## 10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 11. gr.

Peir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1990, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 267, 30. maí 1989 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 326, 20. júní 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Elsabet Sigurðardóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Reykhólahrepps.

## 1. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið, verða gerð eða hitaveitan kann að yfirtaka á veitusvæði sínu, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem tengt er við veitukerfi hennar í té vatnsmagn sem ætla má að dugi til neysluvatnsnota og upphitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan selur einnig heitt vatn til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir, enda séu gerðir sérstakir samningar um slíka sölu er taki mið af gjaldskrá þessari og reglugerð um hitaveituna.

## 3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á. Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þessa. Fyrsta árið sem hús er tengt hitaveitukerfi breytir hitaveitan stillingu hemilsins að óskum notanda, en síðan að jafnaði aðeins einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

## 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir, sbr. þó 2. gr.:

- a) Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði . . . . . kr. 325
- b) Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils . . . . . kr. 545

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. (sbr. einnig 2. gr.) verða krafín fyrir hvert tveggja mánaða tímabil. Gjaldldagi er 10. dagur næsta mánaðar, eftir hvert tímabil og eindagi er 10 dögum síðar. Á öll vanskil reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir á hverjum tíma.

## 6. gr.

Heimaædagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 45 000, fyrir hvert hús að hámarki 600 rúmmetrar. Sé um stærri hús að ræða komi til sérstakt samkomulag, enda sé tekið tillit til vatnsnotkunar.

## 7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimæðagjald gjaldfallið. Eindagi gjaldsins er 30 dögum síðar. Heimilt er hitaveitunni að veita frekari gjaldfrest, enda sé um það gerður sérstakur samningur, þar sem m.a. er kveðið á um vexti og verðbætur.

## 8. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta öllum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

## 9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir greiðslu hitaveitugjalda. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna með sannanlegum hætti með minnst þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný skal sá greiða er vanskilum veldur, kr. 2 000 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar er hvenær sem er heimill aðgangur að öllum hlutum hitakerfa þeirra sem tengd eru við vatnsæðar hitaveitunnar. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá, nr. 527/1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring**

Elsabet Sigurðardóttir.